



Stjórnarfundur í Þýtu, haldinn 27. maí 2019.

Mættir: Gunnar Geir, Árni Geir, Hörður Páll, Friðrik Hafberg og Árni Þór.

1. Gunnar Geir greindi frá fyrirhuguðum fundi með bæjaryfirvöldum um framlag vegna 17 ára aldurshópsins.
2. Tilkynnt var að búið væri að ráða sex starfsmenn 18-22 ára. Leitað verður eftir samþykkt fyrir ráðningum 17 ára og yngri frá Vinnuskólanum. Launamál rædd.
3. Skólakynningar eru byrjaðar. T.d. voru 19 krakkar á kynningu í dag. Sumarleiðbeinendur annast kynningarnar.
4. Öryggisgæsla og þjálfun. Sumarstarfsmenn hafa tekið að sér hvoru tveggja. Þau munu sækja námskeið í öryggisgæslu næstu daga.
5. Hjál mavæðing. Hjálmar hafa verið pantaðir og koma fyrir helgi.
6. Gunnar Geir tilkynnti að framlög bæjarins vegna hjálmakaupa hefðu þegar borist. Einnig myndi höfnin leggja til 200 þúsund kr til hjál mavæðingar barna í siglingasportinu. Auk framlags til hjál mavæðingar hafa bæjaryfirvöld greitt framlag til kaupa á einum báti til viðbótar við fyrri framlög.
7. Ræddir möguleikar þeirra sem ekki hafa formlegt siglingapróf en vilja sigla. Gera þarf stefnu varðandi þennan hóp og fella inn í önnur markmið starfseminnar.
8. Skegla er á landi til viðgerðar sem vonast er til að ljúki fyrir Sjómannadaginn. Þarna er skemmd eftir glannasiglingu og bíður viðgerðar. Ákveðið að hittast kl 10 á fimmtudag (uppstigningardag) og undirbúa Skeglu til sjósetningar.
9. Kennsla á kjölbáta. Framkvæmdahliðin rædd. Friðrik Hafberg býður upp á námskeið í næstu viku.
10. Staða mótahalds rædd en erfitt reyndist að koma saman keppnisstjórn fyrir Opnunarmótið. Gunnar geir og Ragnar tóku loks að sér keppnisstjórnina. Gunnar geir lagði til að sett verði saman „verkfærataska keppnisstjórnar“ með öllu sem til þarf við framkvæmd siglingamóta.
11. Lyklamál rædd. Rifjuaðar voru upp þær reglur sem hafa gilt um aðgang að klúbbhúsnæði. Skiptar skoðanir voru um hversu mikinn aðgang almennir félagar eiga að hafa. Ákveða þarf einnig hversu mikinn aðgang sjóferðalangar eiga að hafa að húsnæðinu. Rætt var að gera það að skilyrði fyrir úthlutun raflykils að handhafi hans taki þátt í félagsstarfi klúbbsins og þar með talin vinnukvöldum þegar við á. Einnig að ekki sé gert ráð fyrir að húsnæðið sé í notkun eftir kl 22.
12. Sjómannadagurinn. Mikilvægt að hvetja sem flesta til að mæta til að aðstoða börn við að nýta báta klúbbsins sér til ánægju. Erfitt verður að bjóða gestum upp á kjölbátasiglingu þótt það væri æskilegt.
13. Skipulagsmál. Gunnar geir kynnti nýjustu hugmyndir að nýju skipulagi svæðisins sem klúbburinn er staðsettur á.

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Þýtur stofnaður 19. apríl 1975